

Hinsegin

VOL. 01
MAÍ

LGBTQ+ MAGAZINE

MISS AGATHA

Dragmenning
Íslands

FJÖLNIR HELGI

Mín reynsla

Dragmenning Íslands

MISS AGATHA

Hvernig er það að vera dragdrottning á Íslandi?

Góð spurning. Það er mikill áhugi fyrir dragi í Íslensku samfélagi þessa stundina og því mikið um "gigg". Samfélagið er opið, fólk er forvitið og ég get ímyndað mér að fólk sé líka umburðarlyndara en víða annars staðar.

Er einhver munur á því hvernig fólk tekur á móti þér þegar þú ert úr dragi og þegar þú ert í dragi úti á götu? Og er það búið að breytast frá því að þú byrjaðir?

Þegar maður gengur um götur borgarinnar í 20 cm háum hælaskóm, í pallíettu samfestingi og með hár sem er stærra en meðalstór púðluhundur þá er óhjákvæmilegt að fólk stari. Sumir blístra og hrópa á eftir manni, aðrir stoppa þig og vilja fá mynd með þér. Ég held að 90% af öllu fólki sé frábært... og svo eru þessi 10 % sem eru bara eins og þau eru. Hvunndags ég, þ.e.a.s. þessi sem er ekki í dragi, kemst allra sinna leiða án þess að vekja eins mikla athygli.

Hversu langan tíma tekur það þig að gera þig "tilbúna" fyrir Dragshow og er einhver munur á undirbúningnum fyrir lítið gigg og stórt gigg?

Það má kannski skipta undirbúningnum í tvennt. Annars vegar undirbúningur fyrir framkomu, sem felur þá í sér einhverja brandara, lagaval og "lip sync", dans og val á búningum. Það kannski eitthvað sem maður undirbýr jafnt og þétt í vikunni fram að "giggi". Hins vegar er það smink og hár sem tekur mig minnst 2 og hálfan tíma og allt upp í 4 til 5 tíma. Hversu mikið ég er að dunda mér þegar ég mála mig og nýt þess að taka tíma í öll möguleg skref er mögulega minna akkilesarhæll þegar kemur að dragi.

Er drag vel borgað eða þarf maður að hafa auka vinnu með?

Drag getur verið þokkalega borgað. En ég hef ekki gert dragið að mínu aðalstarfi ennþá. Ég hef alltaf verið í annarri vinnu og sinnt draginu þegar ég hef haft tíma aflögu.

Afhverju og hvenær ákvaðstu að verða dragdrottning?

Þegar ég var unglingur þá þótti mér drag spennandi því ég hafði mikinn áhuga á leiklist, dansi og sviðsframkomu. Ég var frekar óframfærinn í grunnskóla og sprakk svolítið út félagslega í framhaldsskóla. Á þessum tíma, í kringum 2000, var blómleg dragsena á Íslandi og ég tók m.a. tvisvar sinnum þátt í Dragkeppni Íslands. Svo fjaraði áhuginn aðeins út, auk þess sem ég hafði ekki alveg sjálfstraustið til að standa með þessu áhugamáli. Svo var það mörgum árum seinna að ég kem aftur inn í þennan heim, með töluvert sterkari sjálfsmynd og sjálfstraust og með ýmsa hæfileika og vitneskju í farteskinu.

Þarf að tengja það við kynhlutverk að vera í dragi?

Það er allt leyfilegt í dragi. Þú gerir það sem þú vilt. Drag er í eðli sínu satýra á kynhlutverk og kynímyndir.

Hvernig hefur stíllinn þinn þróast frá því að þú byrjaðir?

Hann hefur slípast töluvert og ég hef áttað mig á hvað virkar fyrir Agöthu og hvað ekki. Annars þá vil ég að hún sé opin og forvitin og einskorði sig ekki við einn stíl.

Skarast persónuleiki dragsins á við þinn persónuleika?

Óhjálkvæmilega þá eru ýmis líkindi milli okkar. Agatha er stór karakter og blæs upp mörg af persónueinkennum Ásgeirs... bæði góð og slæm.

Eru einhverjir áhorfendur sem fara meira í taugarnar á þér en aðrir?

Ég held að það séu kannski helst þeir sem eru það háværir og fyrirferðamiklir að þeir eru farnir að skemma fyrir öðrum. Annars þá má maður alveg búast við því að hitta fólk á öllum mögulegum stigum ölvunar þegar maður vinnur á skemmtistað og maður er fljótur að átta sig á því hvenær maður tekur þátt í gleðinni með fólki og hvenær ekki.

Hvað er skemmtilegast við drag að þínu mati?

Ég elska þetta listform. Þetta sameinar svo margt af því sem ég hef gaman af: leiklist, dans, uppistand, orðagrín, tíska og förðun. Mitt uppáhald er að skapa ný atriði. Ég vinn mjög vel í sköpunarferlinu og nýt þess að búa til eitthvað sniðugt, flott og skemmtilegt.

Hvaðan færðu innblástur fyrir þitt drag?


Úr öllum mögulegum áttum. Fæ lánað héðan og þaðan. Ég hef grunn í sviðslistum og sækji mikið þangað.

Og er eitthvað sem þú getur gert í dragi en ekki þegar þú ert bara þú?

Já. Eiginlega allt. Ég hef stundum líst draglistamönnum sem nútíma hirðfíflum. Hirðfíflíð kemst upp með að ganga lengra en allir aðrir og getur sagt súrsætan sannleikann með stærsta brosið í bænum án þess þó að eiga á hættu að missa höfuðið.

Ertu með einhver ráð fyrir þá sem langar að byrja að gera drag en vita ekki hvar á að byrja?

Einn, tveir og byrja! Farðu strax að leika þér að sminki og gervum og þegar þú ert til í að skella þér á svið þá skaltu ekki hika. Spjallaðu við fólk sem er komið lengra í listinni. Það getur verið svolítið ógnvekjandi að standa á sviði í fyrsta sinn en svo er það leikur einn. Drag er, afsakið slettuna, svona “learn by doing” listform, þú verður betri með hverju skiptinu og lærir ekki nema með því að fara alla leið. Stundum er maður frábær, stundum ekki alveg eins frábær en allt eru þetta skref í rétta átt.



TOP 10

LGBTQ+ KVIKMYNDIR

1. Call me by your name
2. Love Simon
3. My friend Dahmer
4. Gods own country
5. 4th man out
6. Boy culture
7. Danish girl
8. Alex strangelove
9. Brokeback mountain
10. Beach Rats



Mín reynsla

Að koma út úr skápnum

Ég hef alltaf vitað að ég væri öðruvísi en "venjulegt" fólk, ég hafði alla mína barnæsku verið að leika mér með Barbie, klæða mig í kjóla og naglalakka mig. Það var samt ekki fyrr en í áttunda bekk þar sem að ég áttaði mig á því að ég væri samkynhneigður, en ég þorði ekki að koma út úr skápnum í nokkur ár, bæði vegna þess að krakkarnir í skólanum notuðu orð eins og "hommi" og "faggi" sem meiðyrði, og svo líka vegna þess að fjölskyldan mín var rosalega á móti öllu sem þótti ekki "venjulegt".

Það var í eitt skiptið sem að ég og mamma vorum að keyra í gegnum göngin í Reyðarfirði, þegar að hún sagði "ef einhver af ykkur kemur út úr skápnum, þá verður honum hennt út". Þetta sat fast í mér í langan tíma og gerir ennþá daginn í dag, þó að hún hafi aldrei gert neitt í því.

Í byrjun menntaskóla var ég alltaf þó reyna að laga sjálfan mig, hugsaði með mér "þetta er bara tímabil sem ég er að ganga í gegnum". En ekkert lagaðist, ég vildi ekki vera fjölskyldu minni fyrir vonbrigðum svo að ég fór að vera einhver allt annar en ég var.

Alltaf var ég að bíða eftir rétta tímanum til að koma út. Ég tók svo ákvörðunina um að taka skrefið sumarið 2015. Allt þetta sumar var vinur minn búinn að vera að djóka í mér, kalla mig fagga, ég var svo sem löngu hættur að taka það inn á mig, en það sem fyndnast var er það að hann hafði rétt fyrir sér. Það var á Neistaflugi, þegar ég, frændur mínir og vinkona mín vorum búin að drekka frekar mikið, svo ég lét það bara flakka. Eftir það hefur allt verið mikið betra og allir fordómar hjá fjölskyldu og vinum horfið.

